

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Valdimars vigslobiskups Briem og frú Ólafar Briem, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 5. september 1918. **92** 6. júní

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Valdimars biskups Briem og frú Ólafar Briem

1. gr.

Nefndur sjóður er stofnaður með 1000 krónum af sóknarmönnum í Stóra-Núps- og Hrepphólasóknum vorið 1915, þá er undirskrifaður ljét af prestsembætti eftir 45 ára prestsþjónustu, og afhentur honum þá, á Dýradag — giftingardag þeirra hjóna fyrir 45 árum.

2. gr.

Starfssvið sjóðsins er Stóra-Núps- og Hrepphólasóknir.

3. gr.

Stjórnendur sjóðsins eru sóknarpresturinn í Stóra-Núpsprestakalli og oddvitar sóknarnefndanna í Stóra-Núps- og Hrepphólasóknum.

4. gr.

Sjóðurinn sje ávaxtaður í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, þannig að árlega komi til útborgunar til stjórnar sjóðsins allir vextir af hálfum hinum upphaflega höfuðstól og helmingur af því, sem ársvextirnir eru fram yfir það, en hinn helmingurinn sje árlega lagður við höfuðstólinn.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Presturinn gjörir ársreikninga hans. Oddvitar sóknarnefndanna endurskoða þá. Skulu þeir síðan ásamt skýrslu um úthlutun samkv. 6. gr. verða skráðir í sjerstaka bók, er fylgi Stóra-Núpsprestakalli, og auglýstir á næstu safnaðarfundum í báðum sóknunum,

92

6. júní

6. gr.

Vöxtum þeim, sem útborgaðir eru á ári hverju, skulu stjórnendurnir verja sumpart til að kaupa lagleg fót handa börnum fátækra manna innan 12 ára aldurs og sumpart til að kaupa bækur handa börnum og ungmennum frá 12 til fullra 16 ára, og sjeu bækurnar við hæfi þeirra og ekki skyldunámsbækur.

Stofendur óskuðu þess að undirritaður setti ákvæði um sjóð þennan og úthlutun á vöxtum af honum, og samkvæmt því er skipulagsskrá þessi gjörð.

Stóra-Núpi, 6. júní 1918.

Valdimar Briem.

93

5. sept.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð síra Jóns Eiríkssonar og Guðrúnar Pálsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 5. september 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð sjera Jóns Eiríkssonar og Guðrúnar Pálsdóttur.

1. gr.

Afkomendur síra Jóns Eiríkssonar, síðast prests á Stóra-Núpi (d. 1887) og konu hans, Guðrúnar Pálsdóttur, stofna sjóð á 100 ára afmælisdegi hennar, 10. júní 1917, og skal hann heita: Minningarsjóður sjera Jóns Eiríkssonar og Guðrúnar Pálsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn nemur í upphafi 400 krónum og eykst hann auk vaxta af gjöf-